LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
STOFNAÐ 1949

Þingskjal nr. __

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir nýja keppnisgrein í Reglum um gæðingakeppni, Gæðingavekurð.

Ný gr. er verður gr. 10 Gæðingavekurð (GK – skeið)

10 Reglur um gæðingavekurð

10.1 Gæðingavekurð – fullorðinsflokkur

Keppni í gæðingavekurð fer fram á beinni braut og er dæmd á sama hátt og skeið í A flokki, sjá gr. 2.7. Sýningu er stjórnað af þul og er rásröð sú sama í fyrri og seinni spretti. Einkunnir skulu gefnar eftir þeirri reglu að 5 er grunntala, þ.e. lægsta tala í einkunnagjöf og jafngildir því núlli. Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:

	Atriði	Einkunn	Vægi
1.	Skeið	5-10	1
2.	Vilji	5-10	1
3.	Fegurð í reið	5-10	1

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppenda er 3. Þrír eða fimm dómarar dæma.

Riðnir eru tveir sprettir og gildir betri sprettur til sætaröðunar. Séu tveir eða fleiri hestar jafnir í efsta sæti eftir báða spretti skulu dómarar sýna röðun byggða á einkunnum sem þeir gáfu áður. Einungis má sýna fyrsta sætið einu sinni. Ef hestar eru jafnir í öðru sæti en því fyrsta, deila þeir með sér sætinu. Hlutkesti ræður úthlutun verðlauna.

10.2 Gæðingavekurð – ungmennaflokkur

Keppni í gæðingavekurð ungmennaflokki fer fram á sama hátt og í fullorðinsflokki, sjá gr. 10.1.

10.3 Gæðingavekurð – unglingaflokkur

Keppni í gæðingavekurð unglingaflokki fer fram á sama hátt og í fullorðinsflokki, sjá gr. 10.1. Börn mega taka þátt í Gæðingavekurð unglingaflokki.

Greinargerð

Skeið (vekurð) er kraftmikill tvítakta yfirferðar gangur, með öflugu framtaki. Gangurinn dæmist hreinn ef svif er greinilegt, hesturinn teygir sig, lækkar reisingu spyrnir kröftuglega og réttir vel úr fótum. Frávik niður komu samhliða fóta ekki merkjanlegur. Til að hljóta meðaleinkunn 7.5 eða meira skal hesturinn fara á hreinu skeiði minnst 100m. niðurhæging eins í A Flokki.

Þessi keppnisgrein hefur verið notuð í Svíþjóð og Danmörk um nokkurt skeið og er mjög vinsælt bæði fyrir það að þetta er áhorfendavænt og keppendur sem keppa í A flokki hafa fleiri verkefni fyrir hestinn sinn. Það er enginn tími og þarf því ekki að leggja út fyrir tímatökubúnaði , það er ekki verið að leita eftir fljótasta hestinum heldur gæðingnum með fallegt skeið og góðri reiðmennsku.